



Stefnið í Stykkishólmi

76737

SÝN

Það er einstök upplifun að koma á Stykkishólm. Eftir að hafa farið með fjöllum og yfir hraunbreiður og inn í byggðina endar vegurinn í lítilli hvilft sem heldur á verndandi hátt utan um skipin og bátana í höfninni. Akkerissteinninn á hvilftinni er Súgandisey, sem til skamms tíma reis stök og óaðgengileg upp úr hafinu utan við Hólminn. Í dag er hún landföst með mjóu hafti og hug ferðalangans rekur áfram, yfir þar sem áður var haf, nær þessari tignarlegu klettasmíð, allt þar til hann finnur leiðina upp. Leiðin er snarbrött, en drifkrafturinn í hjartanu er ákveðinn, í fyrstu kannski til að ná að vitanum sem gnæfir yfir heiminn, nótt og dag. En þegar upp er komið gleymist vitinn, víðáttan yfir og allt um kring er slík að ekkert annað er mikilvægara en að komast enn utar, nær. Víðáttan, frelsið, óendanleikinn. Himinn og haf.

FORSENDUR

Það sem er heillandi er jafnframt hættulegt. Sírenur kölluðu sjómenn í háska við Grikklandshaf til forna og hið sama á við Breiðafjörðinn; hljóðin í sjávarfugli, glitrandi selskollar, sjálflysandi fléttur í dökku berginu lokka mann að ystu brún. Hvernig má halda þessari upplifun, en varna óheppilegum afleiðingum seiðmögnumarinnar?

MARKMIÐ

Aðgerðin er að gera hið óvænta: að halda áfram og stíga niður fyrir ystu brún. Þjóða upp á möguleikann að feta sig niður þrep sem birtast í landinu undan stígnum, hoggin í landið, í öruggt efni klettsins. Þjóða upp á stöðugt handrið sem fest er í klettavegginn og leiðir stöðugum fetum áfram og niður þar til fætur lenda á láréttum fleti sem virðist eins og svífi út frá klettabeltinu, hefji sig til flugs með kríu og erni yfir haf sem ýmist er rétt undir táberginu eða langt undan, allt eftir sjávarföllunum. Með þessu móti er einnig dregið úr áhrifum innsetningarinnar fyrir þá sem kjósa að njóta sinnar stundar á náttúrulegri niðrunni, eins og hingað til hefur verið gert.


ÁHERSLUR

Útsýnispallurinn er að forminu til frekar eins og útskot á leiðinni, framhald á göngustígnum sem liggur yfir grasi vaxinn koll Súgandiseyjar, en tekinn niður fyrir flötinn, framhjá ystu nöf til norð-austurs þar sem framundan er eilífðin sjálf, allt og ekkert, og áfram norður með klettabeltinu og upp aftur á stíginn sem leiðir á eðulegan hátt aftur heim. Útsýnispallurinn er þannig ekki endastöð sem maður yfirgefur í bakkgír, ekki upplifun sem maður leggur að baki, heldur hluti af heildrænu ferli um landið á manns eigin hraða. Augnablikin á leiðinni únast eins og ber í sekk og fylgja manni áfram í rólegheitum, stig af stigi, frekar en að vera tekin inn og yfirgefin eins og bolti í net. Útsýnispallurinn verður að eðlilegum hluta í ferli leiðarinnar, eins konar útsýnisstefni þar sem spennan magnast upp við óvenjulega nálgun að magnþrungnu umhverfinu. Stefnið býður upp á að dvelja lengur eða skemur, allt eftir sjómannshjarta og blóðþrýstingi, hver á sínum forsendum og í sínu rými án þess að þurfa að bíða eftir að aðrir komi og fari í hefðbundnum troðningi hefðbundinna útsýnispalla.


Form stefnisins les sig með klettabrúninni, en er dregið upp af mannhöndum, ýkt, einfaldað og skorið ákveðnum línunum þar sem það bugðast meðfram snösinni. Efni þess er annars vegar þrep úr berginu af staðnum og hins vegar corten-stál, ryðrautt, þykkt, stöðugt, með tilvísun í traust skipin í höfninni þar sem lagt var upp í ferðina hingað. Það er gegnsætt undir iljum, útfært eins og opið ristargólf, þannig að vegfarendur geti séð klettavegginn í návígi og hafið ólmast undir fótunum, en gegnheilt í brjóstvörn sem gefur verndandi stuðning. Efsta brún stálplötunnar er brotin út, þannig að myndast eins konar sylla þar sem hægt er að koma fyrir upplýsandi efni af ýmsum toga, bæði af staðháttum og landslagi, dýralífi og gróðri, auk órsagna úr ríkri menningarsögu staðarins.

Meginhugmynd


Það sem er heillandi er jafnframt hættulegt. Breiðafjörðurinn lokkar ferðalanga fram á ystu brún Klettatanga. Hvernig má halda þessari upplifun, en varna óheppilegum afleiðingum seiðmögnumarinnar?



Hvernig má draga úr áhrifum innsetningarinnar...



...fyrir þá sem kjósa að njóta sinnar stundar á náttúrulegri niðrunni, eins og hingað til hefur verið gert?




Aðgerðin er að gera hið óvænta: að halda áfram og stíga niður fyrir ystu brún.

NÁNAR

Ad undangengnum prófunum á berginu með borkjarna til rannsóknar, sem staðfesti sker- og þrýstistyrk bergsins, er burðarkerfi pallsins útfært með H-bitum sem settir eru í kjarnaboruð göt inn í bergið og grautað með. Á milli bitanna, sem eru HEB360 með áætluðu 6 metra millibili., eru settir bergboltar til að tryggja að burðarvirki geti ekki færst út úr berginu. Í fullnaðarhönnun er útfært nánar hver dýpt H-bita inn í bergið og bil á milli bita þarf að vera til að tryggja að burðarvirki útsýnispalls framkalli ekki álag umfram þol bergsins. Með fullnaðarhönnun mun liggja fyrir nákvæm útreikniskýrsla til staðfestingar á að burðarvirki standist allar kröfur reglugerða.

Lagt er til að gönguleiðinni upp á Súgandisey verði gert herra undir höfði með því að fækka bílastæðum næst uppgöngunni og farið verði yfir göngustíginn í heild sinni með tilliti til áningastaða á leiðinni og efnis af staðnum, samanber núverandi hellulögn í kringum vitann og landslagsmótun við stíginn. Einnig gæti heildarmynd svæðisins styrkst við ákveðna einföldun og samræmingu, til dæmis með notkun corten-stáls í skilti, merkingar, handrið og annað.






Efni staðarins

Legt er til að leita vefja yfir grópsvæðinguna í botni staðs með tilliti til löngunar og þéðleiks og efna, samkvæmt niðurstöðum heildslags í löngunarsvæðum og lauslagnum við stíginn.

- Aðkoma**
Háttan er með stöðluðu gró og stíkur við akrobata stöðlaðan og samræmdu, t.d. með stöðluðum reitum (t.d. 10x10, 15x15) og stíkur við akrobata stöðlaðan og samræmdu.
- Prep í stíg**
Prep áður en heildin er sett í stígin með sama hring og gró er á grópsvæðingum. Prep áður en er settur á klippu og þessum hringum í hringi.
- Stígar**
Niðurstöð grópsvæðingar verður að vera slétt og þessu sléttu er að gefa stíginum þessu nafni.
- Áningastaðir**
Í heildslagi og lauslagnum er áningastaðir á einum stigi á hverjum stigi og þessu nafni er gefið.
- Staðir**
Þessu nafni er gefið á hverjum stigi, sem hefur heildslagi og stígi og þessu nafni er gefið.



Afsláttamynd, 1:5000



Afsláttamynd/Ábyrgingarmynd, 1:500
Kerandið, sjálfstær og löngunarsvæði
8 og 10. myndir við Sjávarstöð

